

irtækis, nema honum sé farið að þykja eitthvað vænt um það. Og ef þið gefið þó ekki sé nema fáein cent til missiónarinnar, þá sýnir það, að ykkur þykir ögn vænt um hana. Og guði þykir vænt um það, þegar ykkur er farið að þykja vænt um mál-efni hans og þið viljið vera með í að hjálpa því áfram.

Missiónar-mál kirkjufélagsins er tvennskonar. Það er *heima-missión* og *heiðingja-missión*. *Heima-missión* er það verk kirkjufélagsins, að sjá um að prestlausu söfnuðurnir fái að heyra prédikan guðs orðs og að njóta sakramentanna, skírnarinnar og kvöldmáltíðarinnar. Líka að áminna þá um að færa sér vel í nyt guðs orð. Það þarf hver söfnuður að gera. Enginn söfnuður getur haldið áfram að vera safnuður, nema hann noti sér guðs orð. Guðs orð er maturinn, sem við kristnir menn eignum að lifa andlega á. Þess vegna er svo nauðsynlegt fyrir okkur að brúka guðs orð.

En svo eru hópar til af löndum okkar hingað og þangað, þar sem enginn söfnuður hefur myndast. Það þarf að vinna að því að söfnuður myndist þar og guðs orð verði haft um hönd. Við Íslendingar megum ekki hætta að vera kristnir; því þá fórum við burtu frá guði, og það fer illa fyrir okkur. En við ættum allir að vera kristnir og keppast eftir því að verða æ betur kristnir menn. Þá fer okkur fram. En þá megum við ekki hætta að færa okkur í nyt guðs orð, heldur safnast um það og sakramentin og láta okkur verða matur úr því fyrir sálu okkar, sem guð hefur gefið okkur að lifa á andlega.

Kirkjuþingið er nú líka með missiónarverki sínu að vinna í þessa átt, að hvar sem Íslendingar eru búsettir, þá verði guðs orð haft um hönd hjá þeim og söfnuðir myndaðir. Það vill vinna að því, að allir Íslendingar, að svo miklu leyti sem unt er, verði kristnir menn. Og fyrir ykkur, börn, er þetta verk svo mikilsvert. Þið verðið ekki kristin, ef fullorðna fólk ið hættir að vera það. Og þið verðið ekki kristin, ef þið uppræðist ekki í guðs orði. Svo ykkur á öllum að þykja vænt um þetta starf kirkjufélagsins. Og þið eigið að sýna það í verkinu. Og þið getið sýnt það í verkinu á þann hátt, sem eg gat um áðan að sum ykkar gerðu—leggja fáein cent til og hjálpa með þeim þessu verki. Og muna, að þið eruð þá að hjálpa áfram verki guðs.

Um hinn þátt missiónarstarfsins, heiðingja-missiónina, skal eg tala við ykkur seinna, börn.

### Myndir.

Kæru börn! Eg ætla í þetta sinn að tala við ykkur um